

Kator ehf.
B.t. forsvarsmaður
Aðalgata 17
230 Reykjanesbær

Akureyri, 8. maí 2025
Tilvísun: M25040403 / 10.01 Dagsektir
Ákvörðun nr. 14/2025

Efni: Ákvörðun um álagningu dagsekta

Ferðamálastofa vísar til bréfs frá 11. apríl sl. þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða álagningu dagsekta þar sem stofnuninni hafði ekki borist gögn frá ferðaskrifstofunni vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga fyrir árið 2025.

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið Kator ehf., kt. 580903-2580.

Kator ehf. hefur ekki lagt fram gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2025 eins og skylt er samkvæmt lögum. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á ferðaskrifstofuna kr. 100.000,- á dag frá og með 23. maí næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.

Dagsektir munu leggjast á kr. 100.000,- fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tilskilinna gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins.

Dagsektir eru stöðvaðar þegar búið er að skila inn gögnum í vefgátt. Áfallnar dagsektir eru ekki felldar niður og fara í innheimtu hjá innheimtumanni ríkissjóðs. Ákvörðun um álagningu dagsekta er ekki fjarlægð af vefsíðu Ferðamálastofu þrátt fyrir skil. Rétt er að benda á að dagsektir eru aðfarahæfar.

Málsatvik

Þann 1. apríl sl. rann út lögbundinn frestur til að skila inn gögnum vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa skv. 6. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021 sbr. 3. mgr. 25 gr. a. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Áminning um skilin var send í tölvupósti frá Ferðamálastofu þann 16. janúar sl., 27. febrúar sl. og á ný 1. apríl sl. Skilin voru ítrekuð enn á ný með tölvupósti þann 7. apríl sl. Jafnframt var upplýst að Ferðamálastofa myndi leggja dagsektir á allar ferðaskrifstofur sem ekki hafi skilað viðeigandi gögnum.

Þann 11. apríl sl. sendi Ferðamálastofa formlega tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta þar sem ferðaskrifstofan hafði ekki skilað þeim gögnum sem lög gera áskilnað um. Veittur var frestur til 30. apríl sl. til að bæta úr annmörkum og skila inn gögnum vegna endurmatsins. Ennfremur var tilgreint að dagsektir yrðu lagðar á ef gögnum yrði ekki skilað. Þann 29. apríl sl. minnti Ferðamálastofa á með tölvupósti að frestur til skila væri að renna út. Ferðamálastofa hefur ekki mótttekið gögn eða andmæli frá ferðaskrifstofunni.



Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna um tryggingar ferðaskrifstofa. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

Ákvörðun

Kator ehf. hefur ekki lagt fram gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2025.

Kator ehf. skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar skila gögnum fyrir ferðaskrifstofuna vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa fyrir árið 2025 eins og skylt er samkvæmt lögum. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal ferðaskrifstofan greiða dagsektir að fjárhæð kr. 100.000,- á dag þar til gögnum hefur verið skilað.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til atvinnuáráðherra innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn.

Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Virðingarfyllt,

F.h. Ferðamálastofu

Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Helena P. Karlsdóttir forstm. Stjórnsýslusviðs